

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 584. júní 1981, um lagmetisiðnað og
Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Próunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutafjárukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 625. september 1986,
um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna-
og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig: Á milli orðanna „húsameistara“ og „húsgagna- og innanhússhönnuði“ komi orðið: landslagshönnuði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verði 12. og 13. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis. Greinarnar orðist svo:

a. (12. gr.)

Rétt til að kalla sig landslagshönnuði (landskabs-arkitekt) hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.